

Myndband um menningarfordóma

Umræðupunktur



Ráðleggingar og dæmi um svör við myndbandinu.

1) Hvað eru menningarfordómar? Getið þið tekið dæmi um birtingarmyndir menningarfordóma?

Menningarfordómar eru fordómar sem beinast að trú, uppruna, þjóðerni, menningu og tungumáli. Menningarfordómar koma m.a. fram í því að sumt fólk sé verra en annað út af því hvar það býr, hveurrar trúar það sé, hvaða tungumál það talar, eða hver menning þeirra sé. Menningarfordómar birtast t.d. þegar verið er að segja að slæm hegðun sé einungis vegna menningarlegs bakgrunns eða trúar, stríðni sem einblínir á menningu, tungumál, trú eða þjóðerni jafnvel þó það sé sett fram í gríni. Efasemdir um íslenskukunnáttu vegna nafna o.fl.

2) Hvers vegna er ekki í lagi að segja eitthvað fordómafullt í gríni?

Það að setja eitthvað fram sem grín breytir ekki innihaldinu. Það getur verði særandi og haft áhrif á líðan og sjálfsmynd þeirra sem grínið beinist að. Sett er pressa á þann sem verður fyrir fordómunum að taka þeim ekki inn á sig því þetta sé bara grín sem verður til þess að þeir sem fyrir þeim verða geta átt erfiðara með að tjá sig um upplifun sína.

3) Hvaða neikvæðu afleiðingar hafa menningarfordómar fyrir þá sem fyrir þeim verða?

Menningarfordómar hafa neikvæðar afleiðingar og geta ýtt undir útilokun og vanlíðan þeirra sem fyrir þeim verða. Þeir geta líka haft áhrif á tækifæri og stöðu fólks í samfélaginu.